



## **María Rós Guðmundsdóttir**

**MS verkefni:** Lyfjaskömmun á Íslandi: Þróun yfir tíu ára tímabil og samanburður á lyfjanotkun eftir búsetu á hjúkrunarheimili

**Höfundur:** María Rós Guðmundsdóttir er fædd þann 28.apríl árið 2001 og er alin upp í Kópavogi. Foreldrar hennar eru Guðmundur Þór Guðmundsson og Helena Supee Jaimon. María Rós lauk stúdentsprófi af náttúrufræðibraut á líffræðilínu frá Verzlunarskóla

Íslands vorið 2020. Hún hóf nám við lyfjafræðideild Háskóla Íslands haustið 2020 og útskrifaðist þaðan með B.Sc gráðu í lyfjafræði árið 2023. Í framhaldinu flutti hún til Kóreu, þar sem hún dvaldi í tæplega ár og stundaði nám við Korea University, áður en hún hóf meistaranám í lyfjafræði við Háskóla Íslands haustið 2024. Samhliða námi hefur María Rós starfað í Apóteki Garðabæjar, en þar hefur hún starfað síðan 2021.

**Stuttur úrdráttur úr ritgerð:** Meginmarkmið þessarar rannsóknar var að greina þróun lyfjaskömmunar á Íslandi á árunum 2014–2023 og bera saman lyfjanotkun eftir búsetu, annars vegar meðal einstaklinga á hjúkrunarheimilum og hins vegar utan þeirra. Framkvæmd var afturskyggn, lýsandi gagnarannsókn byggð á megindlegri aðferðafræði þar sem notuð voru landsbundin gögn um lyfjaskömmun. Niðurstöður sýndu að notkun lyfjaskömmunar jókst á tímabilinu og var mest meðal eldri einstaklinga. Fjölyfjameðferð var mjög algeng, sérstaklega á hjúkrunarheimilum. Heildarmagn lyfjanotkunar var svipað milli búsetuhópa, en samsetning hennar var ólík. Niðurstöðurnar benda til þess að lyfjaskömmun beinist að einstaklingum með flókna lyfjameðferð og undirstrika mikilvægi reglulegra lyfjayfirferða og bættrar samhæfingar meðferðar.